

## Reglur um sölu á lausafé Ísafjarðarbæjar og stofnana

### 1. gr.

Sala sem vænta má að verði yfir 2.000.000 kr. skal samþykkt af bæjarstjórn.

### 2. gr.

Ef áætlað söluverðmæti er undir 500.000 krónum að vel ígrunduðu mati forstöðumanns, er honum frjálst að selja lausafé beinni sölu án þess að leita tilboða.

### 3. gr.

Ef áætlað söluverðmæti er milli 500.000 og 2.000.000 kr. skal ferill sölunnar vera með eftirfarandi hætti:

1. Forstöðumaður ákvarðar lágmarksverð í samráði við fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar
2. Salan skal auglýst á undirvef [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is) og kynnt eins og annað sem frá sveitarfélaginu kemur. Þar er ákvarðað lágmarksverð ekki gefið upp
3. Frestur til að skila inn tilboðum skal vera 2 vikur
4. Hæsta boði skal tekið að því gefnu að það sé yfir lágmarksverði
5. Ef hæsta boð er ekki yfir lágmarksverði skal auglýst einu sinni aftur
6. Ef ekkert boð fæst yfir lágmarksverði er forstöðumanni sem hefur umráð yfir lausafénu heimilt að selja eða ráðstafa með öðrum hætti (t.d. finna not hjá öðrum deildum Ísafjarðarbæjar), eða ákvarða nýtt lágmarksverð í samráði við fjármálastjóra ef hið fyrra hefur reynst óraunhæft. Þetta þýðir ekki að honum sé heimilt að selja út úr samstæðunni undir lágmarksverði

Þannig samþykkt á 425. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 1. nóvember 2018.

---

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri